

Frá Kirkjugarðaráði:

Eins og undanfarin ár er baksíða fréttabréfs Bautasteins notuð til að gera stutta grein fyrir starfsemi Kirkjugarðaráðs. Á árinu hélt ráðið 11 fundi auk þess að fara í skoðunarferð í kirkjugarða í Snæfells- og Dalaprófastsdæmi. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti á árinu 122 kirkjugarða og grafreiti, þar með talið alla kirkjugarða og heimagrafreiti í Eyjafjarðarprófastsdæmi sem vísiteraðir voru undir stjórn prófats sr. Hannesar Blandon. Á árinu 2006 veitti Kirkjugarðaráð styrki úr Kirkjugarðasjóði til 59 verkefna samtals að upphæð 34 milljónir. Þeir kirkjugarðar sem fengu 500 þúsund eða hærri í styrk voru: *Pingmúli*: endurnýjun girðingar og stækkun; *Reyðarfjörður*: vinna við áframhaldandi grjóthleðslu og stækkun. *Kálfafellsstaður*: bygging þjónustuhúss. *Breiðabólstaður í Fljótshlíð*: stækkun garðs og bílastæðis. *Stórolfshvoll (Hvolsvöllur)*: gerð nýs kirkjugarðs. *Oddi*: stígagerð, hleðsla og lagfæring innan garðs. *Tungufell*: endurnýjun girðingar, náttúrustétt endurlögð og gamalt sáluhlið lagfært. *Villingaholt*: stækkun og lagfæring bílastæðis. *Skálholt*: grjóthleðsla og aðkoma kirkjugarðs bætt. *Staður (Grindavík)*: garður stækkaður og grjóthlaðinn, bílastæði lagfærð. *Hólavallagarður (Suðurgötukirkju-*



Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs.

garður): lokið við skráningu og flokkun minningarmarka. *Mosfell í Mosfellsdal*: vegna framkvæmda við nýjan kirkjugarð. *Snóksdalur*: gagngerar endurbætur á garðinum og endurnýjun girðingar. *Hjarðarholt í Dölum*: gerð þjónustuhúss og endurnýjun girðingar. *Saurbær á Rauðasandi*: hleðsla umhverfis kirkjugarðinn og bætt aðgengi að kirkju. *Hólmavík*: lagfæring stíga og frágangur vegna stækkunar garðs. *Hvammstangi*: koma upp aðstöðu fyrir kirkjugarðinn. *Spákonufell (Skagaströnd)*: lagning stíga, hellulagt torg og stækkun bílastæðis. *Pingeyrar í Húnaþingi*: bygging nýs þjónustuhúss. *Keta*: endurnýjun á umgjörð, sáluhlið og lagfæring innan garðs. *Kirkjugarðasamband Íslands*: til áframhaldandi vinnu við gagnagrunninn *gardur.is*, útgáfu Bautasteins rits sambandsins og til að sjá um útreikninga vegna tekjuútteilingar til kirkjugarðanna, en útteilingin byggir á gjaldalíkani er Kirkjugarðasamband Íslands lét vinna.



Kirkjan á Saurbæ Rauðasandi (Ljós. Guðmundur Rafn Sigurðsson 2005).

Útgefandi: Kirkjugarðasamband Íslands, prentun og frágangur KGRP, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík. Sími 585 2700, fax 585 2701. Ábyrgðarmaður: Þórsteinn Ragnarsson, formaður KGSÍ. Veffang: <http://www.kirkjugardar.is>

BAUTASTEINN



• Fréttabréf

1. tbl.8. árg. febrúar 2007

Nýja tekjakerfið og hugleiðingar um fjármál kirkjugarða

Vert er að rifja upp hvers vegna tekjakerfi kirkjugarða var breytt fyrir tveimur árum. Síðla árs 2000 kom tilkynning frá fjármálaráðuneytinu til forráðamanna Kirkjugarðasambands Íslands, sem höfðu um árabíl reynt að fá leiðréttar tekjuskeringar sem kirkjugarðar höfðu orðið fyrir á árunum 1989-1996. Tilkynnt var að setja ætti kirkjugarða inn á fjárlög og afnema þá tekjuviðmiðun sem verið hafði um langt árabíl. Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands mótmælti þessum einhliða áformum og óskaði eftir því að fá tíma til að taka saman skýrslu um fjármálastöðu kirkjugarða á landinu. Fallist var á þá tillögu af hálfu ráðuneytisins. KGSÍ skipaði vinnuhóp og tók sú vinna um 3 ár og til varð „Skýrsla um fjármál kirkjugarða“ (gjaldalíkan) sem gerði grein fyrir hvaða lögbundnu verkefni væru á könnu kirkjugarða og hvað kostaði að framkvæma þau. Árið 2000 var viðmiðunarár vinnuhópsins. Niðurstaða skýrslunnar var sú að fjárþörf kirkjugarða skv. gjaldalíkaninu væri 17% hærri en rauntekjur garðanna árið 2000.

Á grunni gjaldalíkansins var síðla árs 2004 gerður samningur við ríkið um útteilingu fjármagns til kirkjugarða. Gjaldaliðir voru dregnir saman í 3 liði: Umhirðukostnað, greftrunarkostnað og framlag til bálstofu. Miðað var við stærð og umsvif kirkjugarða árið 2003 en ekki var tekið í mál að hækka framlag til kirkjugarða umfram fjárlagatölu 2003. Ný lög um fjármál kirkjugarða litu dagsins ljós 1. janúar 2005.

Nýja tekjakerfið hefur nú verið í gildi í tvö ár (2005 og 2006) og það þriðja er hafið. Það jákvæða við breytinguna er réttlátari skipting fjármagns milli kirkjugarða. Nú fara tekjur garðanna eftir umfangi þeirra við umhirðu og greftranir en ekki eftir íbúafjölda. Það neikvæða við breytinguna er, að kirkjugarðar fá nú mun minna framlag frá ríkinu í heild eftir að afnumin var gamla reglan um fjölgun íbúa og viðmiðun við hækkun tekjuskattstofns. Þar munar stórum upphæðum. Tilgangur ríkisins var augljóslega sá að afnema þær verðbættu hækkanir sem í gildi höfðu verið. Reyndar vannst smá varnarsigur þar sem þeir kirkjugarðar, sem stækka svæði sín með nýjum grafarsvæðum, fá viðbót við það framlag sem í pottinum er og aukning



Yfirlitsmynd þar sem sér yfir Gufuneskirkjugarð, nóvember árið 2002. (Ljós. Þórsteinn Ragnarsson 2002).

greftrana eykur tekjur kirkjugarða. Kannski er ekki sanngjamt að miða við þau 2 þensluár sem verið hafa frá gildistöku breytingarinnar en óhætt er að segja að uggvænlegt útlit sé í fjármálum þessa málaflokks, þegar litið er til þess að gjaldaliðir, s.s. launakostnaður og aðföng hækka mun hraðar en tekjuliðir. Við þessar aðstæður þarf að huga að þeim verkefnum sem kirkjugarðar hafa á höndum en eru ekki lögbundin verkefni, t.d. rekstur líkhúsa, rekstur útfararkirkna o.fl. [Annað hvort verður að koma þar til sérstök gjaldtaka eða kirkjugarðar neyðast til að segja þeirri samfélagsþjónustu upp.](#)

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

Fréttir frá Akranesi

Árið 2004 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir Kirkjugarð Akraness. Markmiðið er að gera heilsteipt skipulag af fullstækkuðum kirkjugarði. Gerð hefur verið kostnaðar- og framkvæmdaáætlun og er unnið samkvæmt henni í samvinnu við bæjaryfirvöld. Í nýja skipulaginu er m.a. gert ráð fyrir svæðum



Kirkjugarðurinn á Akranesi (Ljós. Þjóð-
björn Hannesson 2007).

fyrir duftker og fósturreiti og einnig óvígðum reit, þ.e. fyrir fólk sem er utan trúfélaga. Framkvæmdir hófust árið 2005 og það sem unnið hefur verið frá þeim tíma er að sett hefur verið ný girðing að hluta um garðinn og gróðursettar trjáplöntur. Um áramótin var hafist handa við undirbúning að lagningu nýrrar aðkeyrslu að garðinum og verður hún væntanlega tilbúin í vor. Þetta er mikil og nauðsynleg breyting. Í sumari er svo stefnt að

enn meiri gróðursetningu, gerð jarðvegsmána, hellulögn og malbikun. Það er ljóst að nauðsynlegt er að fylgja framkvæmda-
áætluninni eftir þar sem núverandi greftrunar-
pláss verður fljótt uppuríð og þess vegna
hefur Kirkjugarðsstjórnin lagt áherslu á það
við bæjaryfirvöld að nú þegar verði hafist
handa við skipulagningu nýs kirkjugarðs
innan lögsögu Akraneskaupstaðar. Það gerist
ekki á einu ári eða fimm og þess vegna er
ekki til setunnar boðið í þeim efnum.
Eins og undanfarin ár var garðurinn ljósum
prýddur á adventunni. Það er Lionsklúbbur
Akraness sem sér um að setja ljósakrossa á
leiði og hafa bæjarbúar almennt verið mjög
ánægðir með þá framkvæmd og nýtt sér
þjónustuna. Árið 2006 voru 55 útfarir frá
Akraneskirkju og hafa þær aldrei verið jafn
margar á einu ári. Með sama áframhaldi
gengur fljótt á þau grafarsvæði sem við höfum
yfir að ráða, og þrátt fyrir þær skipulags-
breytingar sem nú er verið að vinna eftir í
kirkjugarðinum og sagt er frá hér fyrr í
greininni, er útlit fyrir að núverandi garður
dugi ekki lengur en í 10-12 ár. Íbúar á Akranesi
voru tæplega 6000 1. desember sl.

Indriði Valdimarsson.

Ásólfskálakirkjugarður

Gjaldendur garðsins eru aðeins um 60 talsins. Garðurinn er 1.750 m² á stærð. Kirkjan var flutt 1888 að Ásólfskála frá Holti og uppfrá því grafið í garðinn. 330 grafir eru í garðinum þó er ekki vitað um öll leiði. Skráð eru um 216 nöfn sem vitað er hvar liggja en óvíst u.þ.b. 100. Unnið er í þessu eftir því sem tími gefst til.

Garðurinn var stækkaður í átt að kirkju um 1990, fjölgað var bílastæðum. Því var hlaðinn kantur meðfram gangbraut, sem einnig var hellulögð, gróðursettur var trjárunni í nýjan garð. Var þetta gert í samráði við Guðmund Rafn Sigurðsson og eftir hans teikningu. Leiðin í gamla garði eru hlaðin upp, mjög mikill gróður er í garðinum og stór og gömul tré sem á undanförunum árum hafa verið grísuð að litlu leyti. Af þeim sökum er heldur óhagstæð og seinleg hreinsun á garðinum. Mikil mosasöfnun og mygla kemur á legsteina

af völdum gróðursins sem hreinsa þarf árlega. Tekin var sú ákvörðun í nýrri hluta garðsins að hlaða ekki upp leiðin og er sá hluti sléttur og auðveldar það umhirðu.

Á adventunni er garðurinn upplýstur af leiðakrossum frá ættingjum sem lífgar uppá skammdegið, greitt er 500 kr. fyrir hvert ljós. Í garðinn er settur spennibreytir fyrir 32 volta ljósín.



Ásólfskálakirkja og garður (Ljós. Katrín B.
Viðarsdóttir 2006).

Frá vori fram á haust er stöðugur straumur af ferðafólki í garðinn. Í Holti er aflagður kirkjugarður í sömu sókn, Ásólfskálakirkjugarður hefur séð um greiðslu á hirðingu hans og sótt um styrk til þess verkefnis.

Umhverfis garðinn eru 8 steypir stólpar og hafa 4 verið lagfærðir, múraðir/málaðir af sóknarbami í sjálfböðavinnu, sami aðili hefur endursmíðað kassa utan um spennibreytinn. Grafir eru handgrafnar, ekki er hægt að koma tækjum fyrir og sjá 3-4 menn um það verk.

Verktaki sér um hreinsun á garði, slátt, illgresiseyðingu, klippingu trjáa, áburð, losun á rusli/garðúrgangi, stéttahreinsun og það sem til fellur. Gamli garðurinn er sleginn og hirtur u.þ.b. þrisvar sinnum að sumri en nýrri hlutinn mun oftar.

Sama stjórn er bæði fyrir garð og kirkju og hana skipa: Katrín Birna Viðarsdóttir form., Guðlaugur Einarsson og Sigmar Sigurðsson meðstjórnendur.

Katrín Birna Viðarsdóttir.

Fréttir af síðasta aðalfundi

Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands 2006 var haldinn á KEA-hótelu á Akureyri laugardaginn 20. maí. Til stóð að halda fundinn á Egilsstöðum en flytja varð fundinn til Akureyrar vegna óviðráðanlegra ástæðna. Þátttaka á fundinum, sem jafnframt var aðalfundur In Memoriam ehf., var mjög góð. 50 manns rituðu nöfn sín á nafnalista og reikna má með að heildartala þeirra sem voru í tengslum við aðalfundinn hafi verið milli 80 og 90 manns. Dagskráin var fjölbreytt og voru þar flutt mörg fróðleg og skemmtileg erindi. Sameining kirkjugarðastjórna var eitt af aðalmálefnum fundarins og sögðu þeir Kristján Ólafsson frá Dalvík og Smári Sigurðsson frá Akureyri frá velheppnaðri sameiningu kirkjugarðastjórna í Eyjafirði. Makar fundarmanna fóru í góða útsýnisferð meðan fundað var og síðan hittust allir á veitingarstaðnum Strikinu þar sem boðið var upp á veitingar í boði Kirkjugarða Akureyrar.

Næsti aðalfundur

Gerð verður önnur tilraun til að halda næsta aðalfund á Egilsstöðum. **Fundurinn verður haldinn á Icelandairhótelum laugardaginn 19. maí n.k.** Aðalefni fundarins verða:

- ✓ Fyrirlesari frá Noregi.
- ✓ Reynsla af nýja tejkjakerfinu.
- ✓ Sameining kirkjugarðastjórna.
- ✓ Námskeið KGSÍ í prófastsdæmunum.
- ✓ Söfnun og skráning eldri legstaðaskráa inn á gardur.is
- ✓ Samskipti við stjórnmönd.

Allir þeir sem að málefnum kirkjugarða koma eru hvattir til að taka þátt í aðalfundinum og taka frá dagana 19. og 20. maí.

Aðalfundargögn verða send út til þeirra sem tekið hafa þátt í fyrri aðalfundum með góðum fyrirvara. Þeir sem hafa áhuga á að vera með en eru ekki á lista KGSÍ eru beðnir að hringja í síma 585-2700 til að láta skrá sig. Einnig er hægt að skrá sig á slóðinni:

www.gardur.is/aðalfundur2007

Þórsteinn Ragnarsson.